

Frá stjórn Byggingarverkfræðideild VFÍ og skammstafast BVFÍ.

Tillögur til aðalfundar BVFÍ, sem haldinn verður 8. maí 2010.

4. gr.

Félagar geta orðið allir byggingarverkfræðingar og mælingaverkfræðingar innan VFÍ og auk þess aðrir félagar í VFÍ sem stjórnin samþykkir.

Breyting á gr 4.

Félagar geta orðið allir byggingarverkfræðingar innan VFÍ og auk þess aðrir félagar í VFÍ sem stjórnin samþykkir.

5. gr.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt stjórn félagsins skriflega og miðast við áramót.

Breyting á gr 5.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt stjórn félagsins skriflega með fjögurra mánaða fyrirvara. Úrsögn úr VFÍ jafngildir úrsögn úr BVFÍ.

7. gr.

Halda skal fundi þegar tilefni er til og að jafnaði einn skemmti- og gleðskaparfund árlega, sem félögum er heimilt að bjóða gestum á. Ritari heldur gerðabók um það sem fram fer á fundum félagsins. Án samþykkis fyrirlesara og fundarmanna má engar skýrslur birta um það sem fram hefur farið á fundi.

Breyting á gr. 7.

Halda skal fundi þegar tilefni er til. Ritari heldur gerðabók um það sem fram fer á fundum félagsins. Fundargerðir skal birta á heimasvæði BVFÍ á vef VFÍ.

8. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundur skal haldinn á tímabilinu janúar til maí ár hvert og boðaður bréflega með sjö daga fyrirvara.

Dagskrá fundarins skal birt í fundarboðinu svo og allar tillögur sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Breyting á 8. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundur skal haldinn á tímabilinu janúar til maí ár hvert og boðaður með tölvuósti eða bréfi með sjö daga fyrirvara.

Dagskrá fundarins skal birt í fundarboðinu svo og allar tillögur sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

11. gr.

Árstillag skal ákveðið af aðalfundi og er gjalddagi þess 1. janúar ár hvert.

Breyting á 11. gr.

Gjöld til BVFÍ eru hluti félagsgjalda í VFÍ og ákvarðast á aðalfundi VFÍ.